

**Endurskoðun aðalskipulags
2011-2030**

Örútböð - drög að verklýsingu



**Umhverfissvið Mosfellsbæjar
Desember 2019**

Efnisyfirlit

Yfirlit.....	3
Almennt um Mosfellsbæ.....	3
Núgildandi aðalskipulag 2011- 2030.....	3
Samþykkt um endurskoðun 2019.....	4
Skilgreining stefnu og markmiða.....	4
Íbúar og íbúðir.....	5
Fjölgun íbúa.....	5
Þróun aldurssamsetningar.....	5
Mannfjöldaspár í nýju svæðisskipulagi.....	6
Bygging íbúða.....	7
Ýmsar forsendur.....	7
Þróun byggðarinnar.....	7
Samgöngur og umferð.....	7
Atvinnulíf.....	7
Efnisnámur.....	8
Jarðhiti og nýting hans.....	8
Svæði fyrir frístundabyggð.....	8
Flokkun landbúnaðarlands.....	8
Grænt skipulag.....	8
Verndarsvæði og náttúruvá.....	9
Tengsl við aðrar áætlanir.....	9
Svæðisskipulagið - Höfuðborgin 2040.....	9
Svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.....	10
Skipulag aðliggjandi sveitarfélaga.....	10
Landsskipulagsstefna 2015-2026.....	10
Samgönguáætlun 2019-2033.....	10
Aðrar stefnur og áætlanir á landsvísu.....	10
Skipulagsvinna, skipulagsgögn.....	11
Örútbóð í samvinnu við Ríkiskaup.....	11
Kynning og samráð.....	11
Lýsing (Skipulags- og matslýsing).....	11
Endanleg skipulagsgögn.....	11
Umhverfismat, umhverfisskýrsla.....	12
Drög að tímaáætlun.....	12

Yfirlit

Almennt um Mosfellsbæ

Mosfellsbær er sjöunda fjölmennasta sveitarfélag á landinu með um 12 þúsund íbúa og kemur næst á eftir Garðabæ (rúm 16 þúsund), Reykjanesbæ og Akureyri (bæði með um 19 þúsund). Á s.l. 20 árum hefur íbúafjöldi Mosfellsbæjar meira en tvöfaldast; vaxið úr 5.500 manns árið 1999.

Bæjarlandið býr yfir fjölbreyttu landslagi og náttúru, með ám og lækjum, vötnum og tjörnum, fjöllum og heiðum. Mannlífið dregur dóm af þessu en hverskyns útivist, s.s. hestamennska og gönguferðir, er mikið ástunduð af bæjarbúum. Töluverð frístundahúsabyggð er við vötn og tjarnir í suðurhluta bæjarlandsins og einnig í Mosfellsdal, en þar einkennist landnotkunin þó aðallega af landbúnaði.

Mosfellsbær er eitt af sjö sveitarfélögum sem eru aðilar að svæðisskipulagi höfuðborgar-svæðisins og þar er nyrsti hluti (nær) samfellds þéttbýlis á svæðinu. Innan sveitarfélagsmarkanna eru tæpir 19 þúsund hektarar, þar af eru rúmlega 3 þúsund ha neðan við 100 m hæðarlínu. Í gildandi aðalskipulagi eru tvö svæði afmörkuð sem þéttbýlissvæði. Annað þeirra er meginbyggðin undir Úlfarsfelli, Lágafelli og Helgafelli, frá Úlfarsá að Leirvogsa, en þar eru alls um 1.200 ha innan þéttbýlismarka. Hitt svæðið er í Mosfellsdal, um 200 ha. Þar er þó ekki um að ræða þéttbýli í venjulegum skilningi, heldur blandað íbúðar- og landbúnaðarsvæði með áformaðan þéttleika sem er yfir viðmiði skipulagsreglugerðar fyrir þéttbýli (gr. 1.3).

Sameiginleg sveitarfélagsmörk eru við Reykjavíkurborg í suðvestri og norðaustri (Kjalarnes), Kópavog í suðvestri, Seltjarnarnes í suðri, Sveitarfélagið Ölfus í suðaustri, Bláskógabyggð í norðaustri og Grímsnes og Grafningshrepp í austri. Nýlega var skorið úr vafaatriðum um mörkin gagnvart Kópavogi og Seltjarnarnesi, sem höfðu valdið því að aðalskipulagi var frestað á 1.170 ha svæði beggja vegna Suðurlandsvegjar við Sandskeið. Niðurstaðan varð sú að svæðið tilheyrði Kópavogi.

Núgildandi aðalskipulag 2011- 2030

Tók við af AS 2002-2024, sem var samþykkt árið 2003. Vinna að endurskoðuninni hófst á haustmánuðum 2008 og lauk með samþykkt skipulagsins í júní 2013 og staðfestingu í september. Aðalráðgjafi við verkið var Teiknistofa Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar, sem lengi hafði veitt Mosfellsbæ skipulagsráðgjöf og annast fyrri endurskoðanir aðalskipulags.

Lagt var upp með að megininntak endurskoðunarinnar skyldi vera að endurskoða tiltekna þætti skipulagsins, alls 11 atriði, en eftir því sem verkinu vatt fram kom síðan mun fleira til endurskoðunar. Í vinnuferlinu urðu til fjórar áfangaskýrslur:

1. Forsendur endurskoðunar,
2. Stefna aðalskipulagsins,
3. Matslýsing fyrir umhverfismat skipulagsáætlunar,
4. Verkefnislýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar

Sjálfst skipulagið er sett fram á sveitarfélags- og þéttbýlisuppdrætti og í greinargerð sem einnig inniheldur umhverfisskýrslu. Frá því að skipulagið var staðfest 2013 hafa verið gerðar á því 10 staðfestar breytingar.

Samþykkt um endurskoðun 2019

Skipulagsnefnd samþykkti á fundi nr. 468 21. sept. 2018 tillögu um að hefja endurskoðun aðalskipulags sbr. 4.8.1. gr. skipulagslaga. Bæjarstjórn samþykkti tillöguna 3. október 2018. með svohljóðandi bókun:

„Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkir að ráðast í endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar og felur skipulagsfulltrúa að tilkynna þá ákvörðun til skipulagsstofnunar sbr. 35. gr. skipulagslaga.“

Skilgreining stefnu og markmiða

Í gildandi aðalskipulagi var sett fram eitt megin **leiðarljós** fyrir Mosfellsbæ, sem fjallar um það hverskonar byggð/samfélag Mosfellsbær eigi að vera, um eiginleika hans og gæði, sérkenni og sérstöðu innan höfuðborgarsvæðisins.

Undir leiðarljósinu komu síðan **meginmarkmið** fyrir **1. umhverfi**, **2. landnotkun** og **3. samgöngur og tæknimál**, og undir hverju meginmarkmiði voru loks tíunduð ítarleg **undirmarkmið** fyrir einstaka þætti innan þessara málaflokka.

Meðal þess sem nú hefur breyst er að Staðardagskrá 21 hefur runnið sitt skeið á heimsvísu, en í staðinn eru komin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, og þurfa þau að endurspeglast í stefnu aðalskipulagsins.

Nauðsynlegt er að taka vandaða umræðu um leiðarljósið og markmiðin, leggja mat á það hvernig þau hafa staðist tímans tönn og hvernig til hefur tekist að fara eftir þeim. Sjálfsagt getur stefnumörkun síðustu endurskoðunar að stærstum hluta enn talist góð og gild, en nýtt fólk og nýir tímar kalla þó örugglega eftir breyttum áherslum og framsetningu og að bætt verði við atriðum og önnur tekin út.


Nauðsynlegt er að kjörnir fulltrúar taki sem virkastan þátt í stefnumótun og markmiðssetningu aðalskipulagsins. En jafnframt er æskilegt að virkja almenna bæjarbúa til að taka þátt í mótun stefnunnar, svo og að leita eftir sjónarmiðum og umsögnum aðila með sérþekkingu á tilteknum sviðum.

Íbúar og íbúðir

Fjölgun íbúa

Meðfylgjandi mynd úr greinargerð AsMos 2011-2030 (bls. 22) sýnir tvær spár um fjölgun íbúa Mosfellsbæjar: Sú neðri er spá eldra svæðisskipulags 2001-2024 (árlega ca. 3,2%) en sú hærrí er framlengd þóun áráanna 1990-2008, ca. 3,9% á ári. 1. ágúst 2019 voru íbúarnir 11.843 sem er mjög nálægt því að passa við spá gamla svæðisskipulagsins.

Þróunin frá 2011 hefur þó ekki verið nákvæmlega eftir þeirri spá því 1. desember 2016 var íbúatalan töluvert neðan við hana, eða 9.760 manns í stað ca. 10.600. En eftir það hefur fjölgunin tekið mikinn kipp; - á 32 mánuðum hefur fjölgað um 2.080 manns, sem svarar til tæplega 8% árlegrar fjölgunar. Rauntalan er með því komin framúr spánni á ný.



Mynd 3.4

Þróun aldurssamsetningar



Meðfylgjandi tafla með tilgátu um væntanlega aldursdreifingu miðað við mismunandi spár var birt í greinargerð gildandi aðalskipulags. Hér hefur rauntölum Hagstofunnar (rauðum) um skiptingun íbúanna eftir aldri þann 1. desember 2018 verið skeytt inn í réttari spána (A/B):

Tilgáta um fjölda í hverjum aldursflokki í Mosfellsbæ 2012, 2024 og 2030 m.v. mannfjöldaspárnar

Aldursbil	(spá A/ B)				(spá C)		
	2012	2018	2024	2030	2012	2024	2030
0-4 ára	748	709	980	1.177	748	1.110	1.378
5-14 ára	1.464	1.758	2.318	2.705	1.464	2.627	3.169
15-24 ára	1.300	1.626	1.753	2.150	1.300	1.986	2.519
25-54 ára	3.661	4.834	5.423	6.484	3.661	6.146	7.597
55-74 ára	1.459	2.058	2.926	3.612	1.459	3.315	4.232
75 +	222	441	400	672	222	454	787
	8.854	11.426	13.800	16.800	8.854	15.638	19.682

Tafla 3.3

Raunt: Fjöldi 1. des 2018 skv. Hagstofu



Myndir vinstra megin: Úr aðalskipulagi, hlutföll aldurshópa 2012 og spá/tilgáta fyrir 2030. Stóra myndin hægra megin sýnir reyndina 1. des. 2018 (sjá einnig tölur í töflu hér að framan).

Heildarfjöldi íbúanna 2018 er nánast á pari við spá A/B, og þegar rauntölur Hagstofunnar um aldursskiptinguna 2018 eru bornar saman við tilgátuna sem sett var fram í aðalskipulaginu kemur m.a. eftirfarandi í ljós:

- Lækkun hlutfalls yngstu aldurshópanna, 0-14 ára, er miklu hraðari en spáð var, sér í lagi í 0-4ra ára hópnum þar sem fækkað hefur um 40 börn í stað áætlaðrar fjölgunar um 115.
- Ungfullorðnir (15-24ra) eru á þeirri leið sem gert var ráð fyrir með hægt lækkandi hlutfall.
- Hlutfall 25-54ra ára hefur hækkað um 1,3% í stað þess að lækka um tæpt 1%.
- Í elstu aldurshópnum var spáð mestri hlutfallslegri fjölgun og er það að ganga eftir. Fjölgun í elsta hópnum (>75 ára) gerist hraðar en spáð var.

Mannfjöldaspár í nýju svæðisskipulagi

Í gögnum gildandi svæðisskipulags eru mannfjöldaspár með upphafsár 2012 og tölum fyrir 2025 og 2040¹. Tvennskonar mismunandi forsendur eru um flutningsjöfnuð landsins og síðan einnig lágspá og miðspá. Fyrir Mosfellsbæ er gert ráð fyrir árlegri fjölgun um 1,5 - 1,6% á fyrrihluta tímabilsins en 1,1 - 1,3% á seinni hluta.

Þessar spár fyrir Mosfellsbæ standast augljóslega ekki. Íbúafjölgunin árin 2012 - 2019 hefur verið miklu meiri en spár svæðisskipulagsins gera ráð fyrir, eða um 3,8% á ári að meðaltali og fjöldinn í upphafi árs 2019 var þegar kominn 600 - 750 íbúa upp fyrir spátölnar fyrir 2025.

¹ Sjá: Þróun og framreikningur íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu, Ingunn S. Þorsteinsdóttir Sigurður Snævarr, Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013/Júní 2014

Bygging íbúða

Í gildandi aðalskipulagi var þörf fyrir nýjar íbúðir frá 2008 til 2024 áætluð um 2.040 íbúðir, miðað við þá mannfjöldaspá sem í dag er næst því að hafa staðist. Skv. Þjóðskrá voru íbúðir í Mosfellsbæ 3.712 í árslok 2018² og hafði fjölgað um 895 íbúðir frá 2008. Það er nokkuð langt undir fyrrnefndri áætlun um þörfina, en skv. henni hefði fjölgunin átt að vera um 1270 íbúðir á þessu árabili. Íbúðum fjölgaði aðallega á árunum 2016-2018, þegar um 660 íbúðir bættust við.

Skv. þessu voru 3,08 íbúar pr. íbúð að meðaltali í lok 2018, en þeir voru 3,02 árið 2008. Því hafði verið spáð að þetta hlutfall myndi halda áfram að lækka jafnt og þétt, eins og það hafði gert á undanförunum áratugum. Þróunin frá 2008 hefur þó verið á hinn veginn, sem skýrist af nokkurra ára kyrrstöðu í byggingu íbúða fyrst eftir hrun.

Ýmsar forsendur

Þróun byggðarinnar

Megindrættirnir í þróun byggðarinnar á nýliðnum árum markast af deiliskipulagningu og byggingu íbúðarhverfanna Krikahverfis, sem nú er fullbyggt, og Helgafellshverfis og Leirvogstungu sem eru enn í byggingu. Einnig var hafin bygging athafnasvæðisins á Tungumelum og á allra síðustu árum hófst mikil uppbygging í miðbænum.

Þróunin markaðist óhjákvæmilega mjög af efnahagshruninu 2008, sem olli kyrrstöðu í allmörg ár og stöðnun framkvæmda. Þegar það tímabil hófst var bygging Helgafellshverfis rétt að byrja, en Leirvogstunga var komin heldur lengra á veg. Frá 2015 hefur byggingarstarfsemi glæðst að nýju og er nú á fullri ferð, einkum í Helgafellshverfi og í Miðbæ.

Samgöngur og umferð

Í samræmi við stefnumörkun svæðisskipulagsins Höfuðborgin 2040 verður það eitt af meginviðfangsefnum í endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar að stuðla að auknum almenningsgöngum með því að búa í haginn fyrir væntanlega Borgarlínu og leggja jafnframt áherslu á aðra umhverfisvæna samgöngumáta.

Annað mikilvægt viðfangsefni er umfjöllun um megin-stofnbrautirnar í bæjarlandinu, þ.e. Vesturlandsveg og Þingvallaveg. Skipulagsleg umfjöllun um þær hefur verið fyrirferðarmikil á undanförunum árum og verður það óhjákvæmilega áfram. Yfirfara þarf fyrirleggjandi ákvarðanir, s.s. um útfærslur gatnamóta, með tilliti til fyrirsjáanlegrar þróunar umferðarinnar, en þar skiptir meginmáli hvort og hvenær Sundabraut kemur til sögunnar.

Í síðustu endurskoðun var mörkuð sú stefna að Vesturlandsvegur yrði settur í stökk þar sem hann fer gegnum miðju bæjarins. Unnið skyldi að athugunum og nánari útfærslu þessarar lausnar fram að næstu endurskoðun aðalskipulags og er það eitt af því sem gera þarf nú.

Atvinnulíf

Í síðustu endurskoðun aðalskipulags voru atvinnulífi í bænum gerð takmörkuð skil. Forsendur voru ekki endurmetnar, heldur var áfram stuðst við sömu forsendur og gengið hafði verið útfrá í AS 2002-2024 um fjölgun starfa og landþörf fyrir hina ýmsu flokka atvinnustarfsemi.

2 Ath: Misræmi er í tölum Þjóðskrár fyrir 2018, á öðrum stað er heildarfjöldinn sagður 3790.

Því má ætla að rík ástæða sé til þess að fjalla ítarlega um atvinnulífið í þeirri endurskoðun aðalskipulagsins sem nú stendur fyrir dyrum, og skilgreina fyrir það nýjar forsendur og stefnumörkun, s.s. fyrir ferðapjónustuna sem hefur vaxið að mikilvægi á seinni árum.

Efnisnámur

Í samræmi við ákvarðanir í síðustu endurskoðun hefur nú allri efnistöku verið hætt í bæjarlandinu. Síðast var vinnsla hætt í grjótnámi í Seljadal, þar sem Malbikunarstöð Reykjavíkur hafði unnið efni fyrir malbik skv. leigusamningi við Mosfellsbæ. Fyrir mörgum árum var leitað eftir heimild bæjaryfirvalda til að hefja umfangsmikið grjótnám í Hrossadal í Miðdalslandi. Umsókninni var þá hafnað eftir vandlega skoðun, en nýlega voru þessar óskir endurnýjaðar og var þeim þá vísað til endurskoðunar aðalskipulags.

Jarðhiti og nýting hans

Þessu efni voru ekki gerð mikil skil í síðustu endurskoðun nema að því leyti að í greinargerð var stutt frásögn af sögu nýtingar jarðhitans í Mosfellsbæ og þýðingu hans í orkuöflun fyrir höfuðborgarsvæðið. E.t.v. væri ástæða til að gera þessum þætti hærra undir höfði í væntanlegri endurskoðun og draga betur fram sérstöðuna sem hann skapar sveitarfélaginu og þýðingu hans fyrir atvinnulíf og náttúru.

Svæði fyrir frístundabyggð

Svæði fyrir frístundabyggð eru umfangsmikil í bæjarlandinu, en í samræmi við gamla stefnumörkun svæðisskipulags hafa bæjaryfirvöld leitast við að hamlar gegn frekari útvíkkun þessara svæða og sett uppbyggingu þeirra takmarkandi skilmála. Umfjöllun um málefni frístundabyggðanna, s.s. um uppbyggingaróskir, hefur jafnan verið fyrirferðarmikil í stjórnkerfinu og ekki alltaf auðveld úrlausnar.

Rétt er að huga að því hvort ástæða er til að gera stefnumörkun og regluverk um málefni frístundabyggðanna hnitmiðaðri og markvissari og auðvelda með því framfylgdina. Einnig hvort þörf sé á að koma inn í aðalskipulagið frekari skilmálum varðandi „innviðina“ á þessum svæðum, s.s. um brunavarnir, sorp og skólp, götur og stíga o.s.frv.

Flokkun landbúnaðarlands

Í samræmi við Landsskipulagsstefnu sem samþykkt var á Alþingi 2016 þurfa ákvarðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar að byggjast á áður gerðri flokkun landbúnaðarlands. Slík flokkun fyrir land Mosfellsbæjar liggur ekki fyrir, og þarf því að vinna hana í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins.

Grænt skipulag

Fyrir liggja samþykktar tillögur frá nýliðnum árum um að vinna það sem nefnt hefur verið „grænt skipulag“ fyrir bæjarlandið. Það myndi fela í sér flokkun allra opinna/grænna svæða, s.s. með tilliti til gróðurs, umhirðustigs, umgengni, hlutverks og notkunar. Rökrétt er að slík vinna fari fram í tengslum við eða sem þáttur í endurskoðun aðalskipulags.

Í tengslum við síðustu endurskoðun kom einnig til umræðu að skilgreind yrði skógræktarstefna fyrir sveitarfélagið. Ekki kom þó til þess þá, en eðlilegt virðist að slík skógræktarstefna verði einn af þáttunum í umræddu „grænu skipulagi.“

Verndarsvæði og náttúruvá

Í fyrri endurskoðunum hefur verið fjallað ítarlega um hverskyns vernd og friðlýsingar skv. náttúruverndarlögum og lögum um menningarminjar, en einnig var ákveðin og skilgreind hverfisvernd á fjölmörgum svæðum í þeim tilgangi að vernda náttúru- og menningarminjar, sem falla utan formlegra friðlýsinga skv. ofanefndum lögum. Fjallað var um verndun vatns og sjávar gegn mengun og hættumat vegna ofanflóða, með skilgreiningu á hættusvæðum undir Úlfarsfelli og Helgafelli (staðfest 2011).

Frá því að AS 11-30 var staðfest hafa 3 svæði verið friðuð skv. náttúruverndarlögum: Álafoss, Bringur/Mosfellsdal og Tungufoss. Áður lá fyrir friðun við Varmárósa og fjögur svæði í sveitarfélaginu eru á náttúruminjasrá. Fyrir liggja listar yfir marga staði og svæði þar sem vert var talið að huga að friðun eða hverfisvernd, sjá bls. 61 í greinargerð AS 11-30.

Vert er að yfirfara vandlega stöðuna í verndunarmálum. M.a. er rétt að huga að því hvort betrubæta megi skilgreiningar hverfisverndarsvæða, þannig að skýrara verði til hvers hverfisverndin tekur í hverju tilviki og hvernig hún afmarkast. Dæmi eru um að ólíkar túlkanir á hverfisverndarákvæðum hafi valdið óþörfum núningi og deilum.

Sömuleiðs þarf að yfirfara stöðu fornleifaskráningar í bæjarlandinu og leggja mat á það hvort hún þarfnist endurskoðunar í tengslum við aðalskipulagsvinnuna, en fyrirliggjandi skráning fór fram á árunum 2000 og 2001 og var gefin út 2006.

Þá er vert að taka til skoðunar og leggja mat á það hvort skilgreina eigi ört vaxandi útbreiðslu ágengra plantna sem ógnun við náttúrufarið í bæjarlandinu, m.a. vegna þess að hún breytir svipmóti verndarsvæða, og hvort þá skuli taka til varna gagnvart vandamálinu.

Tengsl við aðrar áætlanir

Svæðisskipulagið - Höfuðborgin 2040

Var samþykkt af sveitarfélaginu í maí-júní 2015 og staðfest af Skipulagsstofnun 29. júní 2015. Aðildarsveitarfélögin eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Hryggjarstykkið í svæðisskipulaginu er áhersla á uppbyggingu almenningsamgangna, eða eins og segir í „sýn“ svæðisskipulagsins:

„Uppbyggingu íbúða og atvinnu verður beint í sem mestum mæli inn á svæði sem njóta góðra almenningsamgangna. Farþegagrunnur almenningsamgangna verður því styrktur og þannig skapast skilyrði fyrir bættu þjónustu. Borgarlína og samgöngumiðuð uppbygging sem beint er á kjarna víðs vegar um höfuðborgarsvæðið mun styrkja öll hverfi. Álag á miðborgina minnkar með því að skapa fleiri eftirsóknarverð svæði sem eru tengd hágæða almenningsamgöngum.“

Þessar áherslur svæðisskipulagsins hafa mikil bein áhrif inn í endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar, því að þar í miðbænum er áformuð norður-endastöð Borgarlínunnar. Stefnumörkunin kallar því á að í aðalskipulaginu verði fjallað ítarlega um útfærslu Borgarlínunnar og áhrifasvæði hennar, og sett markmið um samgöngumiðaða uppbyggingu á kjarnasvæðum næst henni.³

[Heimasíða SSH - gögn um svæðisskipulagið](#)

3 Sjá einnig töflu 3 á bls. 91 í greinargerð svæðisskipulagsins um meðferð skipulagsmála í aðildarsveitarfélaginu.

Svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu

Tillaga stýrihóps um heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu var samþykkt í sveitarfélögunum á vormánuðum 2015 og staðfest af umhverfisráðherra 19. júní 2015. Sérstakt ákvæði var sett um frestun gildistöku á breyttum svæðum í Mosfellsdal þar til þremur árum eftir staðfestingu og „Mosfellsbæ verði þannig veitt nauðsynlegt svigrúm til að vinna viðbótarathuganir sem varða framtíðar vatnstöku sveitarfélagsins og ákvörðun um hvort vatnstöku verði framhaldið þar.“

[Greinargerð stýrihóps um heildarendurskoðun vatnsverndar](#) og [Vatnsverndarkort](#)

Skipulag aðliggjandi sveitarfélaga

Aðliggjandi sveitarfélög eru: Reykjavíkurborg í suðvestri og norðaustri (Kjalarnes), Kópavogur í suðvestri og Seltjarnarnes í suðri, en þessi eru jafnframt aðilar að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins ásamt Mosfellsbæ. Auk þeirra á Mosfellsbær sameiginleg sveitarfélagsmörk við Sveitarfélagið Ölfus í suðaustri, Bláskógabyggð í norðaustri og Grímsnes og Grafningshrepp í austri.

[Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar](#)

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Þingsályktun um Landsskipulagsstefnu 2015-2026 var samþykkt á Alþingi í mars 2016. Þar er mörkuð stefna um fjögur viðfangsefni, þ.e. um skipulagsmál á miðhálandinu, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Nú (2019) stendur yfir vinna að mótun skipulagsstefnu um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu sem meiningin er að komi til viðbótar við Landsskipulagsstefnu 2015–2026.

[Landsskipulagsstefnan ásamt greinargerð](#)

Samgönguáætlun 2019-2033

Ný heildarstefna í samgöngumálum var samþykkt á Alþingi í febrúar 2019. Annars vegar stefnumarkandi [samgönguáætlun](#) fyrir árin 2019–2033 og hins vegar [aðgerðaáætlun](#) fyrir fyrsta tímabilið, 2019–2023.

Í aðgerðaráætluninni eru m.a. tíundaðar fyrirhugaðar nýframkvæmdir við vegi, flugvelli, hafnir o.fl. og fjárveitingar til þeirra á fjögurra ára tímabili, ásamt því að sett eru markmið fyrir ýmis almenn samgönguverkefni.

Aðrar stefnur og áætlanir á landsvísu

Auk framangreindra áætlana sem tengjast aðalskipulagi Mosfellsbæjar með beinum hætti þarf að skoða hvort og hvernig eftirtaldir opinberar áætlanir og stefnumarkanir á landsvísu geta snert aðalskipulagið:

- ▶ Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- ▶ Menningarstefna í mannvirkjagerð, Menntamálaráðuneytið 2007
- ▶ Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.
- ▶ Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði fyrir Ísland 2018-2029
- ▶ Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030:
- ▶ Ferðamálaáætlun 2011-2022.

- ▶ Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
- ▶ Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- ▶ Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027.
- ▶ Náttúruminjasrá og Náttúruverndaráætlun.
- ▶ Byggðaáætlun 2018-2024
- ▶ Fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022

Skipulagsvinna, skipulagsgögn

Örútböð í samvinnu við Ríkiskaup

Fyrirhugað er að bjóða út vinnu skipulagsráðgjafa við endurskoðun aðalskipulagsins í formi örútböðs samkvæmt reglum Ríkiskaupa. Verður þá leitað tilboða meðal þeirra sérfræðinga sem eru þátttakendur í rammamningi hjá Ríkiskaupum og sem „efnt geta samning á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem fram koma í útboðsskilmálum rammamningsins,“ eins og segir á heimasíðu Ríkiskaupa. Nánari upplýsingar um rammamninga [hér](#).

Nánari útlistun á útboðsskilmálum örútböðsins verður sett fram í sérstakri útboðslýsingu. Þar verður m.a. skilgreint hvernig aðkomu ráðgjafa á sérsviðum að verkinu verður hagað.

Kynning og samráð

Í lögum og reglugerð er lögð rík áhersla á að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana og þar eru settar lágmarkskröfur um kynningu á hinum ýmsu stigum. En þar fyrir utan hefur sveitarfélagið víðtækt val um það hvernig staðið verður að því að ná til íbúanna og virkja þá til samráðs. Æskilegt er að leggja strax í upphafi línur um verklagið að þessu leyti, þ.e. í skipulags- og matslýsingunni.

Að öðru leyti þarf að gæta þess að uppfylla kröfur laga og reglugerða um samráð við lög- bundna umsagnaraðila, s.s. stofnanir og nágrennasveitarfélög, svo og aðra þá sem ástæða verður talin til að óska umsagnar frá.

Lýsing (Skipulags- og matslýsing)

Skylt er skv. 30. gr. skipulagslaga að taka saman í upphafi vinnu að endurskoðun aðalskipulags lýsingu á verkefninu, þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og hver muni verða helstu viðfangsefni endurskoðunarinnar. Í lýsingunni skal einnig gera grein fyrir væntanlegu umfangi og áherslum í umhverfismati skipulagsins (matslýsing).

Eðli máls samkvæmt eru það skipulagsnefnd og bæjarstjórn sem bera ábyrgð á efni lýsingarinnar, en miðað er við að skipulagsráðgjafar þeir sem ráðnir verða að endurskoðuninni muni koma að gerð lýsingarinnar í samvinnu við skipulagsnefnd.

Endanleg skipulagsgögn

Aðalskipulag á skv. 28. gr. skipulagslaga að setja fram „í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti og eftir atvikum á þemauppdráttum.“ Auk lögbundinnar umfjöllunar um innihald skipulagsins skal í skipulagsgreinargerðinni einnig fjallað um umhverfismat aðalskipulagsins.

Gildandi aðalskipulag er sett fram á tveimur uppdráttum, þ.e. þéttbýlisuppdrætti í mkv. 1:15.000 og sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:50.000, og má gera ráð fyrir að svo verði áfram, en eftir er að koma í ljós að hve miklu leyti eldri grunnar geta nýst aftur í endurskoðuninni.

Umhverfismat, umhverfisskýrsla

Ákvæði um umhverfismat skipulagsáætlana er að finna í sérstökum lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og í 12. grein skipulagslaga. Umhverfismatið á að vinnast samhliða vinnu að skipulagsáætlun og tillögugerð, og kynnast/auglýsast um leið og skipulagstillagan.

Eins og komið er fram hér að framan er gert ráð fyrir að matslýsing eða matsáætlun fyrir umhverfismatið verði sett fram með skipulagslýsingunni og umhverfisskýrslan birt með skipulagsgreinargerðinni.

Drög að tímaáætlun

Áætlað er að framvinda skipulagsferlisins verði sem hér segir:

Jan. - febr. 2020	Örútböð, val á ráðgjöfum
Febr. - apríl 2020	Gagnaöflun, mótun áherslna fyrir endurskoðunina, íbúasamráð.
Maí 2020	Kynning á skipulags- og matslýsingu: Áherslur og stefnumörkun, gildistími, skipulags- og samráðsferli.
Júní 2020 - ág. '21	Skipulagstillaga, forsendur og umhverfismat. Íbúasamráð og kynningar fyrir nágrannasveitarfélögum, svæðisskipulagsnefnd, hagsmunaaðilum o.fl.
September 2021	Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla samþykktar af bæjarstjórn og sendar Skipulagsstofnun til yfirferðar. Síðan auglýstar skv. 31. gr. skipulagslaga og sendar lögbundnum umsagnaraðilum. Sérstök kynning á auglýsingartíma.
Jan. - apríl 2022	Úrvinnsla athugasemda og ábendinga að loknum auglýsingartíma. Endanleg afgreiðsla sveitarstjórnar og staðfesting Skipulagsstofnunar. Gildistaka endurskoðaðs aðalskipulags.

(Ath: Sveitarstjórnarkosningar verða í maí 2022. Vinnslutíminn er skv. áætluninni hér að ofan 2 ár og 4 mánuðir)